

176

11. sept.

4. Sje það enn álitð nauðsynlegt, eins og komið hefir til ta's, að skipta einum bekk i sundur, má fyrst um sinn koma hinum nýja bekk fyrir í alþingissalnum, þar sem vesturherbergi umsjónarmannsins bæði er of lítið og ekki má missast, þegar hafa skal sjerstakt herbergi fyrir umsjónarherbergi og til afnota fyrir kennarana. Ef milliveggur í alþingissalnum hefir ekki meiri kostnað í för með sjer, en að sú 200 kr. upphæð nægi, er veitt var í fjárlögunum 1878—1879, til þess að setja í lag hina nýju kennslustofu og útvega áhöld til hennar, skal hjer með samþykkt, að slíkur milliveggur verði settur á þann hátt, að taka megi hann burt aptur án skaða fyrir alþingissalinn.

177

18. sept.

— *Brjef landshöfðingja til landfógeta um reikningshald hins lærða skóla og prestaskólans.* — Þar eð búið er að gjöra nýjar ráðstafanir með tilliti til umsjónarinnar við hinn lærða skóla frá byrjun skólaárs þess, er nú stendur yfir, á reikningsfærslan bæði fyrir þennan skóla og fyrir prestaskólann, sem umsjónarmaðurinn áður hefir haft á hendi, eptirleiðis að felað landfógeta á sama hátt og hingað til hefir átt sjer stað með reikningsfærslu læknaskólans. Af þessu leiðir, að útgjöldunum til nefndra stofnana mun hjer eptir verða ávísað beinlínis hjeðan, sjeu þau ekki ákveðin með tiltekinni upphæð í fjárlögunum; en þá ber yður að útborga þau án sjerstakrar ávísunar samkvæmt fjárlögunum og hinum almennu reglum um slíkar útborganir, og á þetta sjer einkum stað með útgjöld þau, sem tillfærð eru í 13. gr. B I, a og b 6., og í 13. gr. B III a, b og c 6. og 8. fjárlaganna.

Þar eð umsjónin með húsum og áhöldum hins lærða skóla, svo og útveganir á öllu því, er skólinn þarfnast, er fyrst um sinn falin yfir kennara Halldóri Friðrikssyni¹⁾ á hendur, munu útgjöld þau, sem getur um í 13. gr. B III. c 2. 3. og 7. smámsaman, eptir því sem þau koma fyrir, verða ávísuð honum, gegn því að hann eptir nánara samkomulagi við yður, afhendi yður t. d. við hver mánaðarlok hina útborguðu reikninga, og sje rituð á þá ávísun stiptyfirvaldanna, og þeir kvittaðir, þar að auki ber honum að gjöra grein fyrir, hvernig upphæðum þeim hefir verið varið, er honum hafa verið ávísaðar, og hvernig þeim hafi verið skipt niður á hinar ýmsu útgjaldagreinir.

Útgjöldunum við tímakennslu mun verða ávísað við hver mánaðarlok samkvæmt reikningum samþykktum af rektor skólans og útbúnum með vottorði stiptyfirvaldanna.

Með tilliti til útgjalda þeirra við prestaskólann og lærða skólann, er upp á hafa komið, áður en skólaárið byrjaði, munu stiptyfirvöldin gjöra ráðstafanir til, að hinn fyrverandi reikningshaldari semji og afhendi yður reikning yfir upphæðir þær, er honum hafa verið ávísaðar til útborgunar úr jarðabókarsjóði á yfirstandandi fjárhagsári, og hvernig þeim hafi verið varið samkvæmt hinum einstöku gjaldaliðum fjárlaganna.

178

10. okt.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þýðingu á strand-skjölum.* — Með þóknanlegu brjefi frá 3. f. m. senduð þjer, herra landshöfðingi, hingað staðfesta þýðingu á dönsku á nokkrum skjölum, er þjer endursenduð, og sem lúta að strandi enska skípsins «Prince Alfreds» við Ísland í fyrra sumar; og getið þjer þess, að amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminn hafi óskað, að sjer verði endurgoldinn kostnaðurinn við þýðingu þessa með 9 kr. 50 a.

1) Í brjefi frá 20. s. m. tilkynnti landshöfðingi enn fremur landfógeta, að Halldóri væri lögð 300 kr. þóknun fyrir þessa umsjón, og að Vigfús Guðnason væri ráðinn dyravörður skólans með 700 kr. árskaupi.